

EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B. Grandi Akranesi Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	21.3.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	H.B. Grandi Akranesi	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Bárugata 8-10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Almar Sigurjónsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður M. Jónsson	Staðsetning	350582,068 427101,867

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Fundur
 - a. Farið yfir atriði úr síðasta eftirliti
 - b. Samantekt á heildarmagni efna í frárennsli
 - c. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi, mælingar, skráningar, áætlanir og skýrsluskil
2. Skoðun á verksmiðju, samantekt og kvittun gefin út.

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru Almar Sigurjónsson og Sigurður M. Jónsson frá HB Granda og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

1) Í eftirliti síðasta árs kom fram að nú þegar loftdreifilíkan fyrir útblástur verksmiðjunnar hefur verið samþykkt af Umhverfisstofnun þá verða ekki frekari málarekstur út af því. Ekki er gert ráð fyrir niðurdrætti við útblástur frá verksmiðjunni. Útblásturhraði í skorsteini skal vera að lágmarki 9 m/s.

Mælingar í frárennsli verksmiðjunnar sýna að endurnýjun á eimsvala í eimingartækjum var það sem þurfti til þess að ná gildi fyrir COD niður fyrir losunarmörk. Mælingar á loðnuvertíð 2017 og aftur á loðnuvertíð 2018 sýna að gildi fyrir fitu, svifagnir og COD eru ásættanleg og vel innan losunarmarkna.

Ryk í útblæstri er enn að mælast undir mörkum í starfsleyfi en verksmiðjan notar MD-olíu (marine diesel) á olíubrennara. Lokið hefur verið við nýtt og betra kerfi fyrir stýrt afsog af vinnslurýmum og beinaplani og aðalreykháfur hefur verið endurnýjaður. Marktækur munur er á lyktar- og hitaálagi fyrir starfsmenn og vinnuaðstaðan öll betri.

Erindi Félag íslenskra fiskimjölframleiðenda (FÍF) hefur verið afgreitt og afstaða Umhverfisstofnunar er að óskir um breytingu á starfsleyfum fiskimjölverksmiðja landsins þurfi að koma frá forsvarsmönnum fyrirtækjanna sjálfra. HB Grandi á Akranesi hefur ekki farið fram á breytingu á starfsleyfi sínu.

2) Farið var yfir innsend gögn um heildarúttekt á losun efna í fráveitu. Tvær frárennislagnir eru frá verksmiðjunni. Annars vegar frárennsli frá þvottaturnum með rennsli upp á um 17500 m³ á sólarhring og síðan frárennsli frá fitugildru með rennsli upp á um 51 m³ á sólarhring.

Þegar mæld efni í sjó hafa verið dregin frá mælingum á efnum í frárennsli verksmiðjunnar er eftirfarandi reiknað tap verksmiðjunnar á hráefnum:

Fita í frárennsli þvottaturna reiknast um	170 g / tonn hráefnis
Fita í frárennsli fitugildru reiknast um	50 g / tonn hráefnis
Svifagnir í frárennsli þvottaturna reiknast um	41 g / tonn hráefnis
Svifagnir í frárennsli fitugildru reiknast um	67 g / tonn hráefnis
COD í frárennsli þvottaturna reiknast um	100 g / tonn hráefnis
COD í frárennsli fitugildru reiknast um	190 g / tonn hráefnis

Gögnin byggja á loðnuvertíð í mars 2016 og fiskafskurði (aðallega karfa) frá 2015. Vinnsla í verksmiðjunni árið 2016 nam 18337 tonnum af innvegnum hráefni sem skiptist í loðnu /loðnuafskurð og fráflokkaða aukaafurð frá landvinnslu (fiskafskurði).

3) Innsend gögn. Mælingar og skráningar sem rekstraraðili skal senda stofnuninni hafa allar borist, grænt bókhald og útstreymisbókhald fyrir 1. maí sl. og mælingar í frárennsli fóru fram á loðnuvertíð. Tilkynningar um uppkærslu og stöðvun verksmiðjunnar liggja fyrir svo og TVN mælingar. Við yfirferð á öðrum gögnum var helst hægt að finna að því að umhverfismarkmið eru ekki mælanleg og orðin nokkuð úrelt.

Engin mengunaróhöpp eru skráð hjá rekstraraðila og engar kvartanir hafa borist til stofnunarinnar.

4) Skoðun á verksmiðjunni.

Haldið var í skoðunarferð um verksmiðjuna. Verksmiðjan vinnur úr afskurði á virkum dögum allt árið um kring í lítilli vinnslulínu sem tekin var í gagnið 2014. Stærri vinnslulínan var ekki í gangi og var síðast notuð í loðnuvertíðinni sem var nýlokið. Skoðað var nýtt og endurbætt afsog af vinnslurýmum. Snyrtilegt um að lítast í verksmiðjunni.

Kynnt var lagabreyting (lög nr. 7/1998) þar sem tíðni eftirlits skal fara eftir kerfisbundu mati á umhverfisáhættu af starfsemi fyrirtækja og tíðni eftirlits skal vera á bilinu eitt eftirlit á ári til þess að vera á þriggja ára fresti fyrir fyrirtækja sem valda minnstri áhættu.


ANNAD

Bent var á ávinning af því að hafa mælanleg umhverfismarkmið og að umhverfisstefna sé aðgengileg á heimasíðu rekstraraðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.05.2018



Gottskálk Friðgeirsson